

5

HRINGVEGUR (1):

**Deiliskipulag efnistökusvæðis
vegna breyttrar legu Hringvegar í
Hornafirði**

Náma 10 Ofan við Einholtsvötn

SKIPULAGSLÝSING



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

11. apríl 2017

HRINGVEGUR (1)

Deiliskipulag efnistökusvæðis vegna breyttrar legu

Hringvegur um Hornafjörð

Náma 10 Ofan við Einholtsvötn

Skipulagslýsing



Sveitarfélag: Hornafjörður

Skipulagsráðgjafi: Vegagerðin



EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. DEILSKIPULAG EFNISTÖKUSVÆÐIS	3
2.1. <i>SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR</i>	3
2.2. <i>VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR</i>	3
2.3. <i>MARKMIÐ</i>	3
2.4. <i>FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR</i>	3
3. KYNNING OG SAMRÁÐ	4
4. HELSTU TÍMASETNINGAR	4

1. INNGANGUR


Ákveðið hefur verið að leggja nýjan Hringveg um Hornafjörð því núverandi Hringvegur (1) um Hornafjörð svarar ekki nútíma kröfum um umferðaröryggi. Fjölmargar tengingar liggja inn á veginn og ein lengsta einbreiða brú landsins liggur yfir Hornafjarðarfliót. Við framkvæmdina stýttist Hringvegur og einbreiðum brúm fækkar um þrjár.

Framkvæmdin hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Unnið hefur verið umhverfismat fyrir framkvæmdina og finna má matsskýrsluna á heimasíðu Vegagerðarinnar


<http://www.vegagerdin.is/framkvaemdir/umhverfismat/matsskyrslur/>

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar er kveðið á um að deiliskipuleggja skuli námur sem eru stærri en 50.000 m² eða ráðgerð efnistaka meiri en 150.000 m³. Náma 10 Ofan við Einholtsvötn fellur innan þeirra marka. Samskipti við landeigendur varðandi efnistöku eru þegar hafin. Sveitarfélagið Hornafjörður ráðgerir í samráði við Vegagerðina að hefja vinnu við gerð deiliskipulags efnistökusvæðisins. Framkvæmdin er innan sveitarfélagsmarka Hornafjarðar. Um er að ræða deiliskipulag efnistökusvæðis sem skilgreint er á aðalskipulagi.


Tillagan er unnin á grundvelli gildandi Aðalskipulags Hornafjarðar 2014-2030 og umhverfismats framkvæmdarinnar frá árinu 2009.



Mynd 1. Úr Aðalskipulagi Hornafjarðar 2014-2030 (Gláma-Kím, VSÓ ráðgjöf, 2014).



Mynd 2. Efnistökusvæðið Ofan Einholtsvatna.



Mynd 3. Deiliskipulagssvæðið.

Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem efnistökusvæði 47 (E47) og nefnist Náma 10 Ofan Einholtsvatna, um ritvillu í aðalskipulagi er að ræða þar sem náman er ranglega nefnd Hólmsá. Umhverfis námuna er landnotkun skilgreind sem landbúnaðarsvæði og opið svæði.

Um námuna segir í aðalskipulagi: *E47 Hólmsá – þurrir áraurar – mól – umfang efnistökusvæðis er um 100.000 m² – 10ha.* Náman fellur í stærðarflokk 5 sem felur í sér að vinna þurfi deiliskipulag fyrir efnistökusvæðið.



2. DEILISKIPULAG EFNISTÖKUSVÆÐIS

2.1. SKIPULAGSSVÆÐIÐ OG STAÐHÆTTIR

Efnistökusvæðið er staðsett fyrir neðan Lambleksstaði á grónum áreyrum Hólmsár. Áin hefur ekki runnið um þennan farveg um langt skeið og svæðið er grasi gróið en jarðvegbykkt ekki mikil. Grunnvatnsborð stendur alla jafna nokkuð hátt 0.5-0.9 m dýpi. Vegna þessa er gert ráð fyrir að frágangur námunnar muni felast í því að móta tjörn sem mun að verða 30.000 – 100.000 m². Ennfremur verður þess gætt við efnistöku að línur verði sveigðar svo að náttúruleg form haldist. Annar frágangur felst í ofanafýtingu og að haugum verði ýtt út í vatnið auk þess sem vatnsbakkar verði brotnir niður svo að ekki sé hætta á hruni við þá.

2.2. VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR

Viðfangsefni skipulagsins er að skilgreina heimildir fyrir tímabundna notkun lands til efnistöku. Frágangur á efnistökusvæði skal ákveðinn í samráði við Umhverfisstofnun, landi utan efnistökusvæðis má ekki raska nema á afmörkuðum efnistökusvæðum og skeringum, halli fláa á grónum svæðum má ekki verða meiri en 1:3 til að tryggja að náttúrulegur gróður geti náð sér á strik. Við uppgræðslu efnistökusvæðis sem eru á grónum svæðum verður gætt að grenndargróðri þar sem það á við. Svarðlag og jarðvegur sem er ofan á efnistökusvæðum verður nýttur til að endurheimta þann gróður sem fyrir var en auk þess verður áburður og sáning notuð eftir atvikum.

2.3. MARKMIÐ

Gerð deiliskipulagsins er þáttur í því að hrinda í framkvæmd vegabótum á Hringvegi um Hornafjörð. Markmiðið með gerð vegarins er fyrst og fremst að auka umferðaröryggi, draga úr slyshættu, stytta vegalengdir og tryggja góðar samgöngur á svæðinu.

2.4. FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG AÐRAR ÁÆTLANIR

Tillagan er unnin á grundvelli gildandi Aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Tillagan byggir á mati á umhverfisáhrifum Hringveggar um Hornafjörð.

Fyrirhugað efnistökusvæði er á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðunum eða í næsta nágrenni þeirra sem deiliskipulagið gæti haft áhrif á. Landnotkun umhverfis efnistökusvæðið er merkt sem landbúnaðarsvæði á aðalskipulagi.

Ekki er um sérstæðar jarðmyndanir að ræða né gróðurfar og telst svæðið hafa lágt verndargildi.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru engar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Samgönguáætlun

Framkvæmdin er á samþykktri Samgönguáætlun, framkvæmdaleyfi liggur fyrir og áætlað er að hefja framkvæmdir á þessu ári, 2017. Framvinda síðar ræðst af fjárframlögum.



Umhverfisáhrif

Náman er tekin fyrir í mati á umhverfisáhrifum unnið í apríl 2009 en fjallað er um námuna í skýrslunni.

Almenn lýsing

Efnistökusvæðið er fyrir neðan Lambleiksstaði á grónum áreyrum Hólmsár. Þarna hefur áin ekki runnið í langan tíma en enn má sjá móta fyrir kvíslóttum farvegi hennar á loftmyndum. Svæðið er grasi gróið en jarðvegsþykkt er þó ekki mikil.

Grunnvatnsborð stendur hátt og er víða í lægðum vatn í yfirborði. Grafnar voru þrjár gryfjur á svæðinu og í þeim reyndist grunnvatnsborð vera á um 0,5-0,9 m dýpi. Líklegt er að runnvatnsborð sé að einhverju leyti háð úrkomu og árstíma en gera má ráð fyrir því að það standi að öllu jöfnu nokkuð hátt.

Vinnsla og frágangur

Efnið úr námunni verður nýtt í fyllingar vegarins (Tafla 8.11). Náman verður unnin niður á 2-3 m dýpi. Þar sem gert er ráð fyrir að grunnvatn sé á að jafnaði á 0,5-0,9 m dýpi þá er ljóst að efnistakan mun skilja eftir sig allt að 30.000-100.000 m² tjörn. Það er ekki raunhæft að hægt sé að flytja efni annarsstaðar frá til að fylla upp í svæðið auk þess sem það myndi einnig hafa í för með sér rask annars staðar. Við efnistöku verður gætt að því að útlínur námunnar sveigist eins og um náttúrulegt stöðuvatn gæti verið að ræða og forðast að mynda ferning eða beinar línur. Ekki verður gert ráð fyrir öðrum frágangi en að ofanafýting og haugum verður ýtt út í vatnið auk þess sem vatnsbakkar verði brotnir niður svo ekki verði hætta á hruni við þá. Engar athugasemdir eða umsagnir bárust vegna námunnar við gerð MÁU.



3. KYNNING OG SAMRÁÐ

Leitað verður umsagnar hjá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, HAUST, Náttúrfræðistofnun Íslands, Fiskistofu, Skógrækt ríkissins og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni. Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma deiliskipulagsins:

- Landeigendur þeirra jarða sem framkvæmdin nær til.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í deiliskipulaginu.

Sveitarfélagið Hornafjörður kynnir skipulagslýsingu og deiliskipulagtilögu.

Deiliskipulagið verður unnið af Vegagerðinni í samráði við Sveitarfélagið Hornafjörð en framkvæmdin og efnistaka hennar vegna er háð framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og það framkvæmdarleyfi liggur fyrir.

4. HELSTU TÍMASETNINGAR

	maí	júní	júlí	ágúst
Gerð skipulagslýsingar	Yellow			
Umfjöllun og kynning	Orange			
Samráð um skipulagslýsingu	Orange			
Tillaga deiliskipulags	Green			
Kynning og auglýsing tillögu		Blue		
Samþykkt sveitarstjórnar			Blue	Blue
Afgreiðsla Skipulagsstofnunar			Brown	Brown

5. HEIMILDIR

1. VSÓ ráðgjöf, 2009: *Hringvegur um Hornafjörð - Matsskýrsla*, Vegagerðin Reykjavík, 265 bls.
2. Náttúruminjasrá, 2016: Heimasíða Umhverfisstofnunar www.ust.is
3. Gláma – Kím, VSÓ ráðgjöf, 2014: *Aðalskipulag Hornafjarðar 2014-2030*, greinargerðir og uppdrættir, apríl 2014. Sveitarfélagið Hornafjörður.